

Nefndasvið Alþingis — iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík  
[krb@althingi.is](mailto:krb@althingi.is)

Dags. 6.4.2010  
Tilv. 012/9422

Tillaga til þingsályktunar um olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan  
Norðausturlandi — Þskj. 651 – 358. mál

Á níunda áratug síðustu aldar var unnið að rannsóknum á svæðum sem talin voru líkleg til að innihalda olíu og gas í vinnanlegu magni. Unnið var að þessum rannsóknum á Orkustofnun, í samstarfi við bæði innlenda og erlenda aðila. Aðaláherslan var lögð á Tjörneshvambeltið og Jan Mayen hrygginn (Drekasvæðið). Þráðurinn var tekinn upp aftur eftir síðustu aldamót og á grundvelli rannsókna á báðum svæðum var ákveðið að bjóða út olíuleit á Drekasvæðinu, þar sem niðurstöður rannsókna bentu eindregið til þess að horfur á að finna kolvetni í vinnanlegu magni væru mun vænlegri þar. Þessar rannsóknir voru markvissar og eru góður grunnur fyrir áframhaldandi öflun þekkingar. Þar sem minna er nú umleikis en áður hjá ÍSOR, Veðurstofunni og öðrum aðilum sem fást við rannsóknir á íslenskum orkulindum, er nú gott tækifæri til þess að halda ofangreindum rannsóknum áfram, þ.á.m. að kanna Tjörneshvambeltið betur.

Mikilvægur þáttur í olíuleit er kortlagning á misgengjum. Misgengi geta verið lek en það getur valdið því að kolvetnin glatist. Þau eru einnig oft þétt og skapa aðstæður til að olía og gas safnist upp í vinnanlegu magni. Kortlagning á misgengjum vegna olíuleitar er oftast gerð með endurkastsmælingum. Á Veðurstofu Íslands er til staðar sérþekking og veruleg reynsla í úrvinnslu endurkastsmælinga og þar hafa einnig verið þróaðar aðferðir til þess að kortleggja sprungur og misgengi með afstæðum staðsetningum jarðskjálfta. Þessar aðferðir er hægt að nota þar sem jarðskjálftavirkni er til staðar. Nú þegar er búið að kortleggja talsvert af sprungum og misgengjum í Tjörneshvambeltinu.

Veðurstofan stundaði tímabundnar veðurmælingar á Drekasvæðinu. Þessar mælingar eru ekki lengur fjármagnaðar, en eru mjög mikilvægar til þess að leggja grunn að þekkingu okkar á veðurlagi á svæðinu. Eins voru þessar mælingar mikilvægar fyrir veðurspárgerð ECMWF á N-Atlantshafi, en þær spár liggja til grundvallar veðurspárgerð og flugveður-þjónustu fyrir íslenska flugumsjónarsvæðið sem Veðurstofan annast.

Virðingarfyllt



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ